

REGLUGERÐ

um gjald til Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins árið 1992.

1. gr.

Eigendur fiskiskipa 10 brl. og stærri skulu greiða gjald til Hagráðingarsjóðs. Skal gjaldið á árinu 1992 nema 935 kr. af hverri brúttórúmllest en þó skal galdið aldrei vera hærra en 280 000 kr. fyrir hvert skip. Gjaldldagi hagræðingarsjóðsgjalds er 1. janúar ár hvert og greiðist gjaldið án tillits til þess hvort skipi er haldið til veiða eða ekki. Liggi brúttórúmllestamæling skips ekki fyrir skal miða gjaldið við brúttótonn.

Gjald skv. 1. mgr. skal innheimt gegnum greiðslumiðlunarkerfi sjávarútvegsins og skal hluti þess fjár, sem greiðist inn á váttryggingarreikning skips, skv. 2. tölul. 7. gr. laga nr. 24/1986, ganga til greiðslu gjaldsins. Skal Landssamband íslenskra útvegsmanna mánaðarlega skila þessum hluta til Hagráðingarsjóðs uns fullnaðarskil vegna viðkomandi almanaksárs hafa verið gerð.

Sé gjald ekki greitt fyrir lok álagningarárs skal greiða í Hagráðingarsjóð dráttarvexti af því sem gjaldfallið er samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, sbr. III. kafla vaxtalaga, nr. 25/1987, með síðari breytingum. Lögveð er í skipum fyrir hagræðingarsjóðsgjaldi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í l. nr. 40 15. maí 1990, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytið, 21. janúar 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Jón B. Jónasson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Samstarfssjóðinn.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Samstarfssjóður. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnandi sjóðsins er Cobb Family Foundation, Inc., hlutafélag á Florida, sem ekki er rekið í hagnaðarskyni. Forstjóri þess er Charles E. Cobb, yngri, sendiherra.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla samskipti Íslands og Bandaríkjanna á sviði góðgerðarmála, vísinda, lista og mennta.

Samstarfssjóðurinn er sjóður, sem ekki er rekinn í hagnaðarskyni og skipulagður eingöngu með þau markmið í huga, sem getið er í þessari grein og má þeim ekki breyta. Sérstaklega skal sjóðurinn:

- Hafa eftirlit með skuldbindingu Reykjavíkurborgar að viðhalda og vernda listaverk Péturs Bjarnasonar „Samstarf“, sem Cobb Family Foundation færðu borginni að gjöf árið 1991.
- Hafa yfirumsjón með og láta í té fjármagn fyrir „Samstarfsverðlaunin“ (Partnership Award) sem Cobb hjónin stofnsettu 1991.

c) Veita einstaklingum, stofnunum eða félagasamtökum styrki í samræmi við fyrstu málsgrein 3. greinar.

Stjórn sjóðsins er falið að hafa samvinnu við Reykjavíkurborg um allt það, sem lýtur að listaverkinu „Samstarf“: Að ganga frá skriflegum samningi við borgina um umsjón með lýsingu og viðhaldi á listaverkinu um ókomna framtíð. Einnig skal stjórnin hafa samvinnu við og ganga frá hverjum þeim samningum, sem nauðsynlegir eru, við nefnd þá, er úthlutar „Samstarfsverðlaunum“ (Partnership Award) að því er varðar verðlaunin og gera hverjar þær ráðstafanir og ganga frá samningum, sem teljast nauðsynlegir til þess að framkvæma markmið þessarar greinar.

4. gr.

Með málefni sjóðsins fer stjórn, sem skipuð skal fimm mönnum. Stofnendum sjóðsins, Charles E. Cobb, yngri, sendiherra og Sue M. Cobb skipa stjórn sjóðsins ævilangt. Að öðru leyti skulu stjórnarmenn tilnefndir af Cobb Family Foundation til eins árs í senn.

Fyrstu stjórn sjóðsins skipa:

1. Charles E. Cobb, yngri, sendiherra
2. Sue M. Cobb
3. Ingimundur Sigfússon
4. Ingibjörg Þ. Rafnar
5. Ottó Pétursson.

Stjórnin skal hafa umsjón með og stjórna málefnum sjóðsins í samræmi við skipulagsskrá þessa, viðeigandi lög og samþykktir. Samþykktirnar skulu meðal annars kveða á um framkvæmd atkvæðagreiðslu og réttindi stjórnarmanna. Samþykktunum má einungis breyta með samþykki meirihluta stjórnarmanna.

Framkvæmdir, sem að öðru jöfnu ákvarðast á stjórnarfundi, má leiða til lykta utan stjórnarfunda ef allir stjórnarmenn eru sammála. Nægir að samþykki sé skriflegt enda lýsi það aðgerð og sé undirritað af viðkomandi stjórnarmönnum.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er \$ 15 000.– Stofnfé sjóðsins má ekki skerða.

6. gr.

Tekjum og gjafafé sjóðsins skal eingöngu varið í þágu þeirra markmiða, sem tilgreind eru í 3. grein skipulagsskrár þessarar og hvorki tekjum né eignum má verja í þágu stjórnar eða starfsmanns sjóðsins.

Eignir sjóðsins eru stofnfé hans, arður af því og frjáls framlög, hverju nafni sem þau nefnast.

Heimilt er að fela sjóðnum vörslu og fjárhald annarra eigna og styrkja, sem hafa sömu markmið og 3. grein. Í því tilviki skal halda fjármunum aðila aðgreindum og skal eftirliti og stjórn háttad í samræmi við ákvæði þessarar skipulagsskrár. Fyrir slíka þjónustu skal heimilt að taka sanngjarna þóknun.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal leitast við að ávaxta eignir hans á sem hagkvæmastan hátt og ræður meirihluti stjórnar ákvörðun.

Sjóðurinn skal standa straum af kostnaði vegna starfsemi sinnar að því marki sem ekki er bannað með lögum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda fundargerðarbók og skal færa til bókar ákvarðanir hennar svo og annað, sem talist getur eðlilegt, hagkvæmt eða krafist er í samþykktum sjóðsins. Stjórnunarkostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið fyrir 30. júní ár hvert og skal eigi síðar senda ríkisendurskoðun reikning sjóðsins fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé sjóðsins var ráðstafað á því ári. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna enda hafi stjórnin samþykkt það samhljóða. Þó má aldrei breyta, rifta né bæta við ákvæði 1. greinar um nafn sjóðsins, 3. greinar um tilgang hans, né 11. greinar um ráðstöfun eigna við sjóðsslit.

11. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til einnar eða fleiri stofnana, sem eru undir stjórn Reykjavíkurborgar og ekki eru reknar í hagnaðarskyni og starfa eingöngu að þeim málum, sem greinir í fyrstu málsgrein 3. greinar stofnskrár þessarar.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, 10. janúar 1992. The Cobb Family Foundation, Inc.

Charles E. Cobb, yngri,
stjórnarformaður.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. janúar 1992.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 407 24. ágúst 1989, um vörugjald,
með síðari breytingum.**

1. gr.

Tollskrárnúmerið 7216.9001 bætist við upptalningu tollskrárnúmera í viðauka I.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 29. janúar 1992.

F. h. r.
Indriði H. Þorláksson.

Snorri Olsen.